



19. stjórnarfundur LH

Haldinn 8. apríl 2016 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Mættir: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Jóna Dís Bragadóttir formaður, Andrea Þorvaldsdóttir, Haukur Baldvinsson, Stella Björg Kristinsdóttir
Fjarverandi: Ólafur Þórisson gjaldkeri, Eyþór Jón Gíslason ritari
Mættir varamenn: Helga Björg Helgadóttir, S. Rúnar Bragason, Hrönn Kjartansdóttir
Fjarverandi: Petra Kristín Kristinsdóttir, Rúnar Þór Guðbrandsson
Gestir: Hilda Karen Garðarsdóttir og Jóhanna Gunnarsdóttir starfsmenn skrifstofu LH.

1. Fundargerð 18. fundar

Samþykkt í tölvupósti.

2. Bréf frá GDLH, ósk um að hafa eftirlitsdómara á LM2016

Samþykkt að vísa bréfinu til stjórnar Landsmóts hestamanna ehf. Stjórn LH óskar jafnframt eftir því að stjórn LM kalli eftir skýrslum eftirlits- og yfirdómara og sendi til stjórnar LH.

3. Bréf frá Létti, beðið um rökstuðning við staðarval LM

Stjórnin ræddi málið og samþykkti að formaður gerði uppkast að svari til Léttismanna.

4. Yfirferð yfir NIF samstarf

Lárus fundar á Skype með formönnum Norðurlandanna 9.4.2016. Féll frá því að fara út til fundarins vegna mikils kostnaðar fyrir LH.

5. Skógarhólar

Auglýst var eftir staðarhaldara þann 7.4.2016. Skoða verður umsóknir á næstu vikum.

6. Nám í hestamennsku

Andrea fékk fyrirspurn frá sænska Íslandshestasambandinu um svokallað raunfærnimat í hestamennsku, sem er verkefni sem er í gangi hjá FSU á Suðurlandi í samstarfi við nokkra aðila. Samþykkt að fá fund með menntanefnd LH og skoða þetta mál, ásamt öðrum menntamálum innan hestamenskunnar.

7. Yfirferð yfir stöðu LM 2016 - formaður

- Bí skipti um mann í aðalstjórn LM, Sindri Sigurgeirsson fór út og í staðinn kom Guðmundur Eggertsson.
- Samningur undirritaður við RÚV.
- Fundað með OZ um streymi frá mótinu. Spannandi þáttur.
- Starfsmenn LH/LM fóru norður í vikunni til funda við aðila hjá sveitarfélaginu og eins á Hólum. Mótssvæðið lítur vel út.
- Markaðstjald – leigt hérlendis



- f. Sala tjaldstæða með rafmagni gengur vel, þarf að setja 100 tengla í viðbót í sölu.

8. Starfsmannamál

Ekki tekið fyrir. Vísað til næsta fundar.

9. Önnur mál

- a. Hestadagar 30. apríl. Félögin með opið hús, hestamenn bjóði fólki til sín í hesthúsið, á hestbak. Horses of Iceland er samstarfsaðili.
- b. Alþjóðadagur íslenska hestsins 1. maí. Jóna Dís og Helga B. kynna verkefnið.
- c. Afrekshópur LH – Lárus segir aðeins frá námskeiðinu sem haldið var í Borgarnesi í mars. Gekk vel, metnaður og áhugi í þátttakendum. Þjálfarar faglegir. Hrönn sem er hluti af afrekshópnum segir sína hlið á námskeiðinu. Sitthvað sem mætti skoða betur: maturinn var dýr, einn þjálfarinn forfallaðist. Aðstaðan var góð og fyrirlestur Jóhanns Inga sömuleiðis. Annars mjög ánægð með þetta. Eftir nokkra umræðu er talið mikilvægt að skerpa þarf á reglum um framkomu og hegðun knapa innan afrekshóps.
- d. Útigangshross í Árborg – Haukur Baldvinsson afhentir stjórnarmeðlimum grein að beiðni Sigurðar dýralæknis.
- e. Landsþing – Umræður, Jóna Dís er með ákveðinn fundarstjóra í huga.

*Fleira ekki fært til bókar. Fundi slitið kl. 17:00.
Fundargerð ritaði Hilda Karen Garðarsdóttir.*